# 4. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2026 - 2027
## 18. júní 2026 kl. 17:00
## Reiðhöllin Víðidal

**Mættir:** Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Árni Reynir Alfreðsson (ÁRA), Eva Kærnested (EK), Brynja Kristín Magnúsdóttir (BKM), Arnar Máni Sigurjónsson (AMS) og Einar Gíslason (EG).

**Fjarverandi:**.

### 1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

### 2. Hestar fyrir alla

Félagið hefur undirritað viljayfirlýsingu um íþróttastarf fyrir fatlaða nefnt „Hestar fyrir alla“ og er nefnd um verkefnið starfandi á vegum LH. Stefnt er á vinnustofu um verkefnið 9 september en það verður nánar ákveðið þegar nær dregur.

### 3. Trek braut

Áhugi er fyrir því að byrja að framkvæma Trek brautina á stóra hringvellinum. Haft verður samband við verktaka um að skoða aðstæður og gefa verðhugmynd í að gera Trek slóðann.

### 4. Landsþing LH

Landsþing LH fer fram 30.-31. október í Hveragerði. Gerð hafa verið drög að landsþingsfulltrúum en það eru stjórnarmeðlimir, fólk í félagsstarfinu og Fáksfélagar sem sitja í nefndum LH.

### 5. Reykjavíkurmeistaramót

Reykjavíkurmeistaramót fór vel fram og að venju var mikil ánægja með framkvæmdina enda félagið ríkt af reynslumiklu fólki. HS og EG hittu fulltrúa mótanefndar og mótsstjóra í vikunni og fóru yfir mótið; hvað gekk vel og hvað má betur fara. Það sem kom helst fram er að mótið hvílir á fáum höndum og er álag á þá sjálfboðaliða mikið. Upp kom sú hugmynd að skipa sér mótanefnd um Reykjavíkurmótið sem er þá ekki að vinna á minni mótum. Þessar hugmyndir verða ræddar betur í haust þegar keppnisárið 2027 verður skipulagt.

### 6. Reiðleið um golfvöll á Korpúlfstöðum

HS er í sambandi við framkvæmdastjóra GR og ætla þau að skoða aðstæður á næstu vikum. Stjórn Fáks hefur lagt fram kröfur til GR um úrbætur á reiðleið í gegnum golfvallarinns. HS verður í sambandi við framkvæmdastjóra GR um áætlun um að koma reiðleiðinni í ásættanlegt horf.

### 7. Reiðleið að Óskoti - Langavatnsvegur 3

Lögð hefur verið fram deiliskipulagstillaga um hjólhýsagarð á Hólmsheiði á lóð sem heitir Langavatnsvegur 3. Í gegnum þessa lóð liggur reiðvegur um Hólmsheiði að Óskoti. Reiðvegurinn var

lagður á þessum stað á sínum tíma með heiðursmannasamkomulagi þáverandi eiganda Óskots og þáverand gatnamálastjóra Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að reiðleiðin verði leidd um akveg og í skipulagsgögnum er því haldið fram að reiðvegurinn sé aflagður. HS hefur skrifað umsögn um þessa deiliskipulagstillögu þar sem þessum fyrirætlunum er mótmælt og gerð tillaga um breytingu á leiðinni verði þessi tillaga samþykkt. HS mun óska eftir því við formenn annarra hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu að þeir skrifi undir umsögnina með Fáki enda hefur það gefið góða raun að sýna samtakamátt hestamanna.

**8. Reiðtúr borgarfulltrúa**

Fyrirhugað er að bjóða borgarfulltrúum á hestbak í lok ágúst. Skoðaðar verða dagsetningar með reiðskólanum sem gætu gengið þar sem félagið mun fá hesta að láni frá þeim.

**9. Undirbúningur fyrir Landsmót - æskulýðsnefnd**

- **a. Undirbúningur fyrir Landsmót**
  - i. Æskulýðsnefndin er búin að fara í Keiluhöllina í hópefli. Fyrirhuguð er ferð til Ása og Stellu að Litla landi Ásahreppi, ásamt Geysiskrökkum.
- **b. Pláss fyrir norðan**
  - i. Verið er að fara yfir þau pláss sem félagið var búið að útvega og eru þau um 15. Verið er að kanna hvort hægt sé að finna fleiri pláss.

**10. Uppgjör jan - maí**

HS fór yfir uppgjör frá janúar til maí.

**11. Fræðslustarf og starf yfirþjálfara**

Umræður um starf yfirþjálfara og skipulag næsta vetrar.

Rætt um að stjórn móti fræðslustefnu næsta haust.

**12. Almannadalur**

HS fór yfir stöðuna gagnvart eiganda byggingarréttar við Hrossnes 14.

Þá er verið að steypa upp húsið við Almannadal 9 og hefur HS sent pósta á HMS og byggingarfulltrúann í Reykjavík að húsið sé ekki með lóðaleigusamning eða eignaskiptayfirlýsingu.

**13. Fákur er fyrirmyndarfélag ÍSÍ**

Þann 7. júní síðastliðinn, á hápunkti Reykjavíkurmeistaramóts, veitti Willum Þór Þórsson forseti ÍSÍ félaginu viðurkenninguna fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Viðstödd voru einnig borgarstjórinn í Reykjavík Hildur Björnsdóttir og Ólafur Gunnarsson gjaldkeri LH.

**14. Önnur mál**

a. Beitarhólf

b. Kynbótasýningar - EG hefur verið í sambandi við forsvarsfólk reiðskólanna og kynbótasýningar hafa truflandi áhrif á starfssemi og orsakað aukiðu vinnuálag. Skoða þarf í haust hvort þetta getur farið saman.

**Fundi var slitið kl. 18:45.**